

LV-2017-069



Landsvirkjun



Bjarnarflag í Mývatnssveit

Fornleifaskráning vegna nýs mats á umhverfisáhrifum

Lykilsíða



Skýrsla LV nr: LV-2017-069

Dags: 15. ágúst 2017

Fjöldi síðna: 33

Upplag: 3

Dreifing:

- Birt á vef LV
 Opin
 Takmörkuð til

Titill: Bjarnarflag í Mývatnssveit: Fornleifaskráning vegna nýs mats á umhverfisáhrifum

Höfundar/fyrirtæki: Elín Ósk Hreiðarsdóttir / Fornleifastofnun Íslands ses

Verkefnisstjóri: Jóna Bjarnadóttir

Unnið fyrir: Landsvirkjun

Samvinnuaðilar: _____

Útdráttur: Landsvirkjun vinnur nú að gerð nýs mats á umhverfisáhrifum fyrir Bjarnarflag í Mývatnssveit. Í tengslum við það vann Fornleifastofnun Íslands deiliskráningu á 180 ha reit á svæðinu snemmsumars 2017. Reiturinn er í landi Voga og Reykjahlíðar. Á norðanverðu úttektarsvæðinu eru þegar talsverð mannvirki, sem tengjast flest núverandi virkjun í Bjarnarflagi. Sunnanvert svæðið er hins vegar að mestu óraskað. Áður en vettvangsskráning hófst voru heimildir og loftmyndir kannaðar og rætt við staðkunnuga. Að því loknu var gengið kerfisbundið um allt svæðið í leit að minjum. Við skráninguna fundust sex staðir (13 minjæiningar) innan svæðis, allir á því norðanverðu. Flestir minjastaðanna eru líklega frá seinni öldum.

Lykilorð: Bjarnarflag, fornleifar, fornleifaskráning.

ISBN nr:

Samþykki verkefnisstjóra
Landsvirkjunar

LV-2017-069
FS653-17131



Bjarnarflag í Mývatnssveit

Fornleifaskráning vegna nýs mats á umhverfisáhrifum



Ágúst 2017

Ljósmynd á titilsíðu er af meintum kálgarði, SP-208:052, horft til austurs

©2017

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

BÁRUGÖTU 3

101 REYKJAVÍK

SÍMI: 551 1033

FAX: 551 1047

NETFANG: fsi@instarch.is

www.instarch.is

Efnisyfirlit

1. INNGANGUR.....	5
2. SAGA FORNLEIFASKRÁNINGAR OG LÖGGJÖF	7
3. AÐFERÐIR VIÐ FORNLEIFASKRÁNINGU	9
4. YFIRLIT UM SÖGU SVÆÐIS OG FORNLEIFAR	11
5. FORNLEIFASKRÁ	15
6. HELSTU NIÐURSTÖÐUR	29
HEIMILDASKRÁ.....	31
Viðauki 1: Kort af rannsóknarsvæði og fornleifar innan þess	

Samantekt


Landsvirkjun vinnur nú að gerð nýs mats á umhverfisáhrifum fyrir Bjarnarflag í Mývatnssveit. Í tengslum við það vann Fornleifastofnun Íslands deiliskráningu á 180 ha reit á svæðinu snemmsumars 2017. Reiturinn er í landi Voga og Reykjahlíðar. Á norðanverðu úttektarsvæðinu eru þegar talsverð mannvirki, sem tengjast flest núverandi virkjun í Bjarnarflagi. Sunnanvert svæðið er hins vegar að mestu óraskað. Áður en vettvangsskráning hófst voru heimildir og loftmyndir kannaðar og rætt við staðkunnuga. Að því loknu var gengið kerfisbundið um allt svæðið í leit að minjum. Við skráninguna fundust sex staðir (13 minjæiningar) innan svæðis, allir á því norðanverðu.¹ Flestir minjastaðanna eru líklega frá seinni öldum.

¹ Tvær vörður til viðbótar voru reyndar skráðar undir leið SP-208:124 (07-08) en þær voru utan svæðis.

1. Inngangur

Í sumarbyrjun 2017 fól Landsvirkjun Fornleifastofnun Íslands ses að vinna deiliskráningu í Bjarnarflagi, nánar tiltekið á 180 ha reit sem nær frá norðanverðu Bjarnarflagi og til suðurs og suðausturs að norðurenda vesturhlíðar Ytri-Heiðarsporðahóls. Ástæðan var sú að unnið er að undirbúningi 50 MW jarðvarmavirkjunar í Bjarnarflagi og er gert ráð fyrir ýmsum framkvæmdum því tengdu (s.s lóðir fyrir vinnubúðir, efnistökusvæði, vegir o.s.frv.). Í tengslum við þessar framkvæmdir verður unnið nýtt umhverfismat fyrir svæðið.

Áður en hafist var handa við vettvangsskráningu var rætt við heimamenn, annars vegar fulltrúa úr stjórn Landeigendafélags Voga, þær Ólöfu Hallgrímsdóttur, Sólveigu Erlu Hinriksdóttur og Þórdísi Guðfinnu Jónsdóttur og hins vegar þá Snæbjörn Pétursson og Sigfús Illugason frá Reykjahlíð og fór sá síðastnefndi með skrásetjara á vettvang. Einnig var rætt við Birki Fanndal Haraldsson, fyrrverandi stöðvarstjóra Landsvirkjunar í Kröfluvirkjun. Eru þessum aðilum færðar kærar þakkir fyrir sína aðstoð. Minjavörður Norðurlands, Rúnar Leifsson, lánaði GPS-staðsetningartæki í verkið og fær bestu þakkir fyrir það. Um



Á kortinu er staðsetning rannsóknarsvæðisins sem tekið var út sýnd með rauðu.
Íslandskort: Gísli Pálsson.

vettvangsrannsókn sá Elín Ósk Hreiðarsdóttir og sá hún einnig um úrvinnslu, korta- og skýrslugerð.

Skýrsla þessi er byggð upp á svipaðan hátt og aðrar deiliskráningarskýrslur Fornleifastofnunar. Í öðrum kafla er að finna stutt yfirlit um löggjöf um minjavernd og í þeim þriðja farið yfir þær aðferðir sem notaðar voru við skráninguna. Í fjórða kafla er að finna sögulegt yfirlit um rannsóknarsvæðið og þær fornleifar sem þar eru þekktar. Í fimmta kafla er sjálf fornleifaskráin, þ.e. lýsing á þeim minjum sem skráðar voru ásamt hnitsetningu, ljósmyndum og uppmælingum. Í sjötta og síðasta kafla verður farið yfir helstu niðurstöður úttektarinnar. Aftast í skýrslunni er svo að finna heimildaskrá og kort sem sýnir rannsóknarsvæðið og þær minjar sem fundust innan þess.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu Þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölpætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarmínjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri mínjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu


Áður en svæðið var gengið var gerð heimildaúttekt, talað við staðkunnuga og loftmyndir kannaðar. Á vettvangi var notast við þá vinnureglu að skilgreina fundnar minjar innan marka rannsóknarsvæðis „í stórhættu vegna framkvæmda“ þó að ljóst sé að hættan sem steðjar að minjunum sé misbráð eftir því hvar þær eru innan reitsins og hvernig endanlegt fyrirkomulag mannvirkja verður. Rétt er að geta þess að í hættumati er ekki fólgið neins konar mat á gildi minjastaða.

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Úttektarsvæðið sem fjallað er um í skýrslu þessi tilheyrir annars vegar Reykjahlíð (SP-208) og hins vegar Vogum (SP-208). Þær fornleifar sem fundust reyndust þó allar í landi Reykjahlíðar. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: SP-208:150). Fornleifaskráin samanstendur af lista yfir þær fornleifar sem skráðar voru á vettvangi innan rannsóknarsvæðisins.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernar greinar eru grunnupplýsingar. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis minjastaðurinn er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum af gerðinni Geoexplorer 6000 (ISN93) og er annars vegar mældur punktur með kennitölu í miðju hvers minjastaðar og hins vegar mæld upp mörk allra merkjanlegra minja. Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m friðhelgað svæði frá ystu mörkum minjastaðarins. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við

skrásetningu. Þótt engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra frávik.



heitir Geitakofi og ber við loft frá bæ séð," segir í örnefnaskrá. Geitakofi er um 100 vestan heimatúnsins, á litlu holti eða hól. Fyrir vestan heimatúnið hækkar landið upp á svokallað holtaröð. Þar er tóft á holtinu sem eins og nafnið ber með sér var geitakofi. Tóftin er áberandi og sést vel þegar komið er upp á holtaröðina. Geitakofi er 30 m austan við miðlínu fyrirhugaðs jarðstrengs. Virgirðing er 20-30 m vestan við tóftina. Óræktað tún er umhverfis tóftina. Það hefur líklega verið slættað að einhverju leyti. Þarna er gras, fjalldrapi og lyng í stórþýfi á köflum. Tóftin er 8x8 m að stærð, einföld og hringlaga. Hún er opin til NNV. Veggirnir eru 0,3-0,5 m á hæð, 2-3 m.

Hættumat: hættu, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö- Halldórsstaðir, 10

heimild sem vitnað er í, nánari færsla í heimildaskrá

hætta sem steðjar að fornleif

Dæmi um skráningu á dæmigerðum minjastað

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur lýsing á aðstæðum eins og við á og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem staðinn varða.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

4. Yfirlit um sögu svæðis og fornleifar

Norðurhluti rannsóknarsvæðis er í landi Reykjahlíðar en suðurhlutinn í Vogalandi. Svæðið er á bilinu 320-400 m.y.s. Helsta einkenni svæðisins er sú eldvirkni og jarðhiti sem hefur mótað það og notkun þess í gegnum aldirnar. Gera má ráð fyrir að landnýting innan deiliskipulagsreits hafi að mestu tengst jarðhitanum, a.m.k. á síðustu öldum. Lítið er vitað um hvernig gróðurfari var háttað þar á fyrri öldum og ekki er óhugsandi að það hafi verið talsvert frábrugðið því sem nú er. Örnefnið *Kolatorfa* sem er á norðurjaðri rannsóknarsvæðis gæti einmitt verið vísbending í þá átt. Þar eru leifar af birkiskógi á lítilli, gróinni torfu í annars gróðurlausri hlíðinni og bendir örnefnið til að svæðið hafi verið skógi vaxið þegar örnefnið var gefið og að einhvers staðar á torfunni hafi verið gert til kola.

Ekki er ólíklegt að einhver gosvirkni hafi verið á svæðinu á fyrstu öldum eftir landnám en fyrstu gosin sem getið er í rituðum heimildum á þessum slóðum eru Mývatnseldar 1724-29.² Líklega hefur landslag á úttektarsvæðinu norðanverðu breyst talsvert við þær hræringar en lítið er vitað um hvernig þar var umhorfs fyrir þær.

Rannsóknarsvæðinu má gróflega skipta niður í þrjú undirsvæði og verður hér fjallað stuttlega um hvert þeirra.

Bjarnarflag – norðurhluti rannsóknarsvæðis

Þessi hluti rannsóknarsvæðisins er í landi Reykjahlíðar. Nafnið Bjarnarflag sem úttektarsvæðið er kennt við er oftast notað yfir hvílt nyrst á úttektarsvæðinu, vestan undir Námaskarði og austan og norðaustan Jarðbaðshóla. Þar er talsverður jarðhiti. Nú eru þar víða borholur og ýmis mannvirki þeim tengd. Í Bjarnarflagi er Bjarnarflagslón sem var talsvert notað til baða á tímabili á seinni hluta 20. aldar en hiti þar var breytilegur og það er því ekki hættulaust.³ Jarðvegur á svæðinu er víða deigur og fokgjarn vikursandur en leirkennd, rauðleit háhitasvæði eru inn á milli. Á köflum eru grasi grónir blettir og hafa þeir flestir orðið til við framkvæmdir á svæðinu á síðustu 50 árum.

Líklegast hefur nýting þessa hluta rannsóknarsvæðisins ætíð tengst jarðhitanum. Talsverð kartöflurækt hefur verið í Bjarnarflagi um nokkurt skeið. Samkvæmt Byggðum og Búum í Suður-Pingeyjarsýslu hófst kartöfluræktin um 1940, fyrir tilstilli Jóhannesar

² Kristján Sæmundsson, 85.

³ Byggðir og bú í Suður-Pingeyjarsýslu, 557.

Sigfinnssonar frá Grímsstöðum⁴ en samkvæmt Snæbirni Péturssyni heimildamanni hófst kartöflurækt á svæðinu í smáum stíl eitthvað fyrr. Kartöflugarðar sjást víða á svæðinu en ummerki um þá voru alls staðar talin of ung til að þau teldust til fornleifa ef frá er talið grjóthlaðið gerði um 300 m norðan við Bjarnarflaglónið. Á þessum stað hefur verið hlaðið gerði, líklega umhverfis kálgarð líkt og algengt er með eldri garða (sjá SP-208:152) og er líklegt að kálgarðurinn sé frá fyrri hluta 20. aldar. Brauð hafa einnig verið bökuð á svæðinu í brauðholum og eru reyndar enn. Einn minjastaður tengdur brauðbakstri var skráður, í Brauðhrói (SP-208:153). Aðrar minjar voru óverulegar hleðslur á tveimur stöðum (SP-208:150 og 151) sem ekki er vitað í hvaða tilgangi voru hlaðnar en allar eiga þær sameiginlegt að virðast fremur ungar, gamli póstvegurinn sem liggur þvert yfir svæðið (SP-208:124-01-09) og örnefnið Kolatorfa (SP-208:149) sem náð hefur yfir stórt svæði sem náði inn á norðurenda svæðisins.

Jarðbaðshólar –miðhluti rannsóknarsvæðis

Á miðhluta svæðisins og vestan þess eru Jarðbaðshólar. Merkin milli Reykjahlíðar og Voga liggja um hólana. Námafjall markar rannsóknarsvæðið til austurs en sjálfir hólarnir eru gróðursnauðir gjallhólar. Í vesturhlíð Námafjalls hafa þegar verið gerðar borholur og mjög stór stallur ruddur og hlaðinn upp þar sem ráðgert er að byggingar rísi í framtíðinni.

Eins og nafn Námafjalls gefur til kynna má ætla að brennisteinsnámur hafi verið á þessum slóðum. Hlíðar- eða Reykjahlíðarnámur voru austan við fjallið en auk þeirra eru heimildir um slíkar námur í Hverarönd austan við fjallið, á fjallinu sjálfu og norðan þess. Lítil sem engin ummerki eru eftir brennisteinsgröftinn í dag og engin slík ummerki fundust innan rannsóknarsvæðis

Ljóst er að brennisteinsnám á sér langa sögu hér á landi en elstu heimildina um slíkt er líklega að finna í sögu Árna biskups Þorlákssonar frá 13. öld en þar kemur fram að erkibiskupinn í Niðarósi bað um að sér yrðu færðir fálkar og brennisteinn frá Íslandi.⁵ Brennisteinn var mikilvæg útflutningsvara um aldir en þó líklega aldrei eins mikilvæg eins og á 16. öld.⁶ Á seinni hluta 18. aldar voru gerðar tilraunir til að hefja umfangsmeiri námugróft og útflutning á brennisteini í tengslum við Innréttingarnar, m.a. í landi Reykjahlíðar en þær

⁴ Byggðir og bú í Suður-Þingeyjarsýslu, 557.

⁵ Biskupasögur III, 76.

⁶ Jón E. Vestdal, 59-73.

tilraunir gengu aðeins í meðallagi vel.⁷ Samkvæmt Jarðatali Johnsens 1847 höfðu allir bændur í Skútustaðahreppi árið 1805 rétt til að grafa brennistein og selja konungi en samkvæmt Johnsen þóttu bændum þetta engin hlunnindi þar sem brennisteininn þurfti að flytja um langan veg, til Húsavíkur og einnig segi bændur „að námurnar sé tæmdar þegar og miklu fátækari enn áður.“⁸ Þó var enn einhver vinnsla á svæðinu árið 1839 þegar Jónas Hallgrímsson fór þar um og kannaði ástand og aðferðir við brennisteinsnám og vinnslu.⁹ Talsvert var þó farið að ganga á brennisteininn á þeim tíma og hefur nýting hans að stærstu leyti lagst af á 19. öldinni. Á fjórða áratug 20. aldar var enn á ný gerð tilraun til að hreinsa brennistein á því svæði þar sem Léttsteypan var síðar en þær tilraunir urðu skammlífar.¹⁰

Nánasta umhverfi Jarðbaðanna var undanskilið í rannsókninni. Úttektarsvæðið náði þó yfir hluta Jarðbaðshólanna (austasta hluta). Allt bendir til að örnefnið sé fornt og var það trú manna að jarðböð hefðu verið í hólunum frá örófi alda og talið að Guðmundur góði Arason hefði vígt böðin.¹¹ Elstu þekktu frásögn af jarðböðum á þessum slóðum er líklega að finna í Íslandslýsingu Odds Einarssonar biskups frá því um 1600. Í ritinu kemur fram að í Reykjahlíðarlandi hafi til forna verið jarðböð skammt frá brennisteinsnámunum, þar hafi verið reistur lítill skáli og menn hafi sótt þangað og talið heilsubót.¹² Nánari lýsingu á mannvirkjum við jarðböðin er að finna í sýslulýsingu Jóns Benediktssonar frá 1747 en í henni kemur fram að jarðböðin séu forn, byggð úr sléttri grjóthleðslu en gólfið sandborið og í því tvær holur eða ofnar sem gefi frá sér mikinn raka og hita.¹³ Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson sem unnu að rannsóknum í Mývatnssveit 1752 lýstu einnig baðinu en samkvæmt þeim var þurrabaðið í hraungjótu sem hlaðin hafði verið upp með hraunsteinum.¹⁴ Jarðbaðanna er svo getið í ýmsum ritum og ferðabókum á næstu áratugum, t.d. í Ferðabók Sveins Pálssonar sem var við rannsóknir í Mývatnssveit 1794¹⁵, í skrifum Ebenezer Henderson 1814¹⁶ og hjá Gyðu Thorlacius¹⁷. Oftast er böðunum aðeins lýst lauslega, oft sem kofa hlöðnum úr hraungrjóti

⁷ sjá t.d. Ole Henchel, 278-304.

⁸ Jarðatal á Íslandi, 324.

⁹ Jónas Hallgrímsson, 50-52.

¹⁰ Rétt er að taka fram að ummerki þessara framkvæmda myndu ekki teljast til fornminja.

¹¹ Sjá t.d. Örnefnaskrá Voga, 1297-98.

¹² Íslandslýsing Odds Einarssonar, 50-52.

¹³ Sýslu- og sóknarlýsingar, 235.

¹⁴ Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar II, 78.

¹⁵ Ferðabók Sveins Pálssonar, 400.

¹⁶ Ferðabók Ebenezer Henderson, 104.

¹⁷ Endurminningar, 120.

yfir gryfju. F.A.L. Thieneman sem skoðaði þurrabaðið 1820, segir að það hafi þá verið lítið notað og kofinn hafi verið lítill og að sjúklingar hafi orðið að skríða inn um dyrnar til að komast inn.¹⁸ Þorvaldur Thoroddsen sem var við rannsóknir í Mývatnssveit 1884 minnst á jarðbaðið í ferðabók sinni en af lýsingunni að dæma virðist ólíklegt að hann hafi skoðað jarðbaðið sjálfur og er óvíst hvort baðhúsið hefur verið uppistandandi þá.¹⁹ Líklegast er að baðhúsið hafi fallið úr notkun á fyrri hluta 19. aldar eftir að tvö gamalmenni létust þar með stuttu millibili og nú er staðsetningin týnd. Á 20. öld voru hins vegar byggð jarðböð í Jarðbaðshólum á ný og risu þá nokkur mannvirki þar, öll utan rannsóknarsvæðis og flest fremur skammær. Hafa ber í huga að hitastig jarðar á þessum slóðum tekur gjarnan breytingum, ekki síst í jarðhræringum og því er ekki ólíklegt að jarðböð hafi færst til eftir þörfum. Engin mannvirki sem tengst gætu jarðböðum fundust innan svæðis.

Engar minjar fundust á miðhluta rannsóknarsvæðis þótt mögulegt sé að forn mannvirki tengd nýtingu jarðhita hafi einhvern tíma verið þar vegna brennisteinsnáms eða jarðbaða.

Heiðarsporðahóll – syðsti hluti rannsóknarsvæðis

Syðsti hluti rannsóknarsvæðis nær frá Jarðböðunum og til suðurs að Rauðuborg, liggur þar lítillaga til SSA, yfir Gráborgir og Beinahrygg áður en það beygir til austurs og liggur að vesturhlíðum Ytri-Heiðarsporðahóls. Umrætt svæði er lítt gróið og innan þess er talsvert um ógróið hraun og urð. Þar eru nokkrir hverir (s.s. nafnlaus hver austan við Jarðböðin um 390 m.y.s. og Rauðaborg 364 m.y.s. sem er fast sunnan við rannsóknarsvæðið). Suðausturendi svæðisins er lítt gróið hraunlendi í um 360-370 m.y.s. Ekki er útilokað að svæðið hafi einhvern tíma verið gróið og þá nýtt fyrir beit en engar vísbendingar fundust um. Malarvegur liggur um hluta svæðis, sunnarlega á svæðinu er torfærubraut og allra syðst eru borholur. Annars eru fá og lítt áberandi mannvirki á svæðinu. Engar heimildir voru um slík mannvirki á þessum slóðum né heldur gátu heimildamenn bent á minjar svæðinu og engar minjar fundust við vettvangsúttekt.

Engar minjar fundust á syðsta hluta rannsóknarsvæðis.

¹⁸ Thienemann, Reise I, 254.

¹⁹ Þorvaldur Thoroddsen, 299-300.

5. Fornleifaskrá

Áður en farið var á vettvang og reiturinn rannsakaður var farið yfir heimildir og loftmyndir kannaðar. Einnig var rætt við þær Ólöfu Hallgrímsdóttur, Sólveigu Erlu Hinriksdóttur og Þórdísi Guðfinnu Jónsdóttur úr stjórn Landeigendafélags Voga, við Snæbjörn Pétursson frá Reykjahlíð og Sigfús Illugason á Bjargi (Reykjahlíð) og við Birki Fanndal Haraldsson fyrrverandi stöðvarstjóra í Kröfluvirkjun í leit að upplýsingum um landnýtingu og mögulegar minjar innan deiliskipulagsreits. Auk viðtala við heimildamenn var skýrsludrög send Guðrúnu Maríu Valgeirsdóttur, formanni Landeigendafélags Reykjahlíðar til yfirlstrar.


Heimildamenn bentu á gömlu póstleiðina (SP-208:124), Snæbjörn mundi eftir Brauðhrói í Bjarnarflagi (SP-208:153) og rámaði í gamlan kartöflu- eða gulrótagarð sem hlaðið hefði verið umhverfis (SP-208:152) og Sigfús benti á örnefnið Kolatorfu nyrst á svæðinu. Auk þessara staða fundust áður óþekktar fornleifarleifar á tveimur stöðum, annars vegar lítill kofi eða gerði (SP-208:150) um 300 m sunnan við gömlu póstleiðina en hins vegar óverulegar hleðslur í hól (SP-208:151) um 400 m sunnar og skammt norðan við Bjarnarflagslón, hvort tveggja líklega frá 20. öld.

Ljóst er að umferð ferðamanna um svæðið er nokkur og á einstaka stað fundust ummerki um hana, t.d. þar sem steinum hafði verið hrúgað saman en slík ummerki voru talin nýleg og ekki fornleifar. Víða sáust leifar um nýlega kartöflugarða og að auki fannst á einum stað einföld steinaröð innan svæðis (hnit 599345/572179), undirstaða undan girðingu sem hafði verið fjarlægð en hún var ekki talin gömul og því ekki skráð. Steinaröðin sást slitrótt samsíða vegi að Jarðböðunum austan sprungu sem þar liggur eftir hlíðinni endilangri. Á toppi hversins sem er vestan við Jarðböðin og innan svæðis hafði einnig verið hent saman vörðuhrúgu (hnit 599413/571835) sem var aðeins samsett úr nokkrum steinum og virtist nýleg. Var það álit heimamanna að varðan væri nýlega tilkomin, fyrir tilstilli ferðamanna og var hún ekki skráð og sömu sögu var að segja um nýlega vörðu (hnit 598944/573063) vestan við Bjarnarflagslón. Því fór það svo að allir þeir minjastaðir sem skráðir voru eru í landi Reykjahlíðar og fylgir yfirlit um þá hér á eftir.

SP-208:124 *Gamlivegur* varða leið yfirlit

"Gamlivegur, póstvegur á Mývatnsfjöllum, lagður um 1880," segir í viðbæti við örnefnaskrá.

Vegurinn lá frá Reykjahlíð, yfir Námaskarð og áfram sem leið liggur allt austur að sæluhúsinu við Jökulsá. Hann var allur varðaður og sum staðar má enn sjá gömlu vörðurnar skammt utan þjóðvegjar. Vegurinn er merktur inn á Atlaskort frá 1935. Langstærstur hluti leiðarinnar liggur yfir uppgróin hraun og sanda. Hæsti punktur væntanlega í Námaskarði.



*Gamla póstleiðin Sp-208:124_01-09. Vörður 07-08 eru utan svæðis.
Rauða línan sýnir mörk úttektarsvæðis.*

Fornleifastofnun Íslands skráði hluta leiðarinnar 1999: Leifar vegjarins sjálfs sjást ekki nema þar sem jeppamenn hafa ekið á síðustu árum. Vörðurnar eru besta kennileitið og hafa þær margar verið hlaðnar upp á síðastliðnum árum af Birki Fanndal í Reykjahlíð. Það verk er lengst komið á vestari hluta póstvegjarins; fyrsta varðan á austurleið er skammt vestan Námaskarðs. Austan skarðsins standa svo upphlaðnar vörður í röðum, þar er algengast að um 100 m séu á milli. Upprunalegu vörðurnar eru líklega flestar hrundar, t.d. eru leifar þriggja slíkra skammt vestan við sæluhúsið við Jökulsá (118), en þar var ferjað yfir.

Aftur var farið á vettvang 2007 vegna fyrirhugaðra framkvæmda við línustæði og orkuvinnslustöðva. Var leiðinni þá fylgt innan áhrifasvæðis. Þá voru skráðar 16 vörður í og við leiðina og hverri gefinn bókstafur til aðgreiningar. Tólf af vörðunum (A-L) eru greinilega endurhlaðnar en fjórar (M-O) eru fornlegri. Vörðurnar tólf liggja austur-vestur á 1 km löngu svæði en eldri vörðurnar eru samhliða þeim um 100 m norðar á austasta kaflanum. Leiðin liggur samhliða þjóðvegi 1, víðast um 100 m norðar. Allar vörðurnar eru utan þess svæðis sem skráð var 2017 og er því nákvæmri lýsingu á þeim sleppt hér.

Vorið 2017 var enn komið inn á Gamla póstveginn þegar unnið var að skráningu

vegna deiliskipulags í Bjarnarflagi. Þá voru skráðar átta vörður og þar af sex innan úttektarsvæðis. Sú austasta af vörðunum er um 1260 m VSV við vörðu A sem var vestasta varða sem skráð var 2007. Að þessu sinni var vörðunum gefin undirnámer 01-08 og er varða 01 sú austasta.

Heimildir: Viðbætur við örnefnaskrá, 1 og Atlaskort, sérkort fyrir Mývatn (nr. 83) 1935/LMI-Kort-2002-155

SP-208:124-01 varða leið

A. 599516 N. 573217

Varða 01 er um 65 m norðvestan við þjóðveg 1 en tæpum 5 m vestan við veg sem liggur til norðurs af þjóðvegi um Námaskarð í átt að borholum. Varðan er ein af þeim sem Birkir Fanndal Haraldsson endurhlóð. Í henni sjást ekki greinileg merki um eldri hleðslur. Varðan er



Varða SP-208:124-01. Á ljósmynd er horft til vesturs

um 1,5 m á hæð. Hún er köntuð og uppmjó og er ríflega 1,2 m á kant í botninn. Varðan er hlaðin úr stóru grjóti neðst en minna grjóti eftir því sem ofar dregur. Hún er ógróin. Umhverfis hana er rauðleitur hverasandur en örlítill gróður vex hér og þar.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SP-208:124-02 varða leið

A. 599426 N. 573198

Varða 02 er rúmum 90 m VSV við vörðu 01. Hún er framan í brekkubrún og frá henni sér yfir Bjarnarflagssvæðið. Varðan hefur verið endurhlaðin líkt og 01 og ekki sér í eldri hleðslur í henni. Hún er aðeins hrunin til vesturs, er nú um 2 x 1,5 m að stærð og snýr ASA-VNV. Varðan er um 0,8 m á hæð. Hún hefur líklega verið köntuð. Varðan er hlaðin úr mjög misstóru grjóti, líkt og 01. Frá vörðu 02 lá póstvegurinn til norðvesturs niður hlíðina en ekki sjást lengur merki hans eða varða á um 500 m kafla og hafa þær líklega horfið í framkvæmdir

í Bjarnarflagi.



Varða SP-208:124-02. Á ljósmynd er horft til vesturs

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SP-208:124-03 varða leið A. 599011 N. 573469

Um 500 m norðvestan við vörðu 02 er önnur varða, 03. Hún er endurhlaðin og stæðileg og engin merki sjást um eldri hleðslu í henni. Hún er um 1 m vestan við veg sem liggur frá Þjóðvegi 1 og til norðurs yfir Bjarnarflagssvæðið. Varðan er köntuð og um 1,2 m á kant í botninn en mjókkar upp. Hún er 1,4-1,5 m á hæð. Hún er hlaðin úr misstóru hraungrýti. Varðan er á háhitasvæði í Bjarnarflagi. Fremur gróðursnautt er umhverfis vörðuna en víða í kring eru lágir hólar eða hró og er jarðvegurinn víða í kring dumbrauður. Austan við vörðuna er vegur og þar austan við Dumbahnúta.




Varða SP-208:124-03. Á ljósmynd er horft til suðausturs

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Sp-208:124-04 varða leið

A. 598962 N. 573496

Varða 04 er endurhlaðin og stæðileg. Hún er um 55 m norðvestan við vörðu 03 en 2-3 m vestan við ógreinilegan vegarslóða sem liggur um svæðið. Varðan er ferhyrnd og 1,2-1,3 m á kant en um 1,5 m á hæð. Hún er uppmjó. Hún er að mestu hlaðin úr meðalstóru hraungrýti. Ekki sjást merki um eldri hleðslu í henni. Umhverfis eru hraun og sandar en svæðið er aðeins gróið grasi og mosa. Í kring eru víða lágir hólar eða hró.




Varða Sp-208:124-04. Á ljósmynd er horft til vesturs

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Sp-208:124-05 varða leið

A. 598897 N. 573515

Varða 05 er tæpum 70 m norðvestan við vörðu 04 og um 10 m norðan við sama vegarslóða og 04 er við. Varðan er endurhlaðin og ekki sjást í henni merki um eldri hleðslu. Varðan er



Varða Sp-208:124-05. Á ljósmynd er horft til norðvesturs

ferhyrnd og 1,4-1,5 m á kant. Hún er hlaðin úr misstóru hraungrýti. Varðan er í hraunjaðri, norðan við hana er hóll og í honum hefur verið malarnám.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SP-208:124-06 varða leið A. 598824 N. 573526

Varða 06 er um 75 m VNV við vörðu 05. Varðan er endurhlaðin og ekki sjást merki um eldri hleðslur í henni. Varðan er í hraunjaðri líkt og varða 05. Varðan er ferhyrnd og uppmjó, um 1,5 m á hæð en 1,2 m á kant neðst. Hún er hlaðin úr hraungrýti. Norðvestan við er grasi gróin slétta þar sem lúpína er byrjuð að dreifa sér. Varðan er sú vestasta af þeim sem eru innan deiliskipulagsreits í Bjarnarflagi en tvær vörður (07-08) voru þó skráðar vestar (utan reits).



Varða SP-208:124-04. Á ljósmynd er horft til norðvesturs

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SP-208:124-07 varða leið A. 598748 N. 573545

Varða 07 er tæpum 80 m VNV við vörðu 06 og er rúmlega 30 m vestan við vesturmörk úttektarsvæðis og er því ekki í hættu vegna mögulegra framkvæmda í Bjarnarflagi. Varðan er hrunin og gróin í botninn. Hún er um 1,8 m í þvermál en 0,5 m á hæð. Varðan er hlaðin úr smáu og stærra grjóti í bland. Mest sjást 2-3 umför. Í kringum hana er gróinn kragi. Varðan er á grasi grónum bala.




Varða SP-208:124-07. Á ljósmynd er horft til norðvesturs

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

SP-208:124-08 varða leið A. 598670 N. 573493

Varða 08 er ríflega 90 m suðvestan við vörðu 07 og virðist leiðin hafa legið í svólíttinn sveig á þessum slóðum. Varðan er rúmlega 110 m vestan við vesturmörk úttektarsvæðis og er því ekki í hættu vegna mögulegra framkvæmda í Bjarnarflagi. Varðan er ekki endurhlaðin heldur er hún vörðubrot talsvert hrunið. Hún er í lynngróa sem er að mestu umkringdur grasfleti. Varðan er aðeins ílöng (norðvestur-suðaustur) en hefur líklega verið ferhyrnd og má sjá allskýr horn á henni bæði að sunnan og vestan en annars er hún ekki reglulega köntuð. Hún er 1 x 1,2 m að stærð en 0,3-0,4 m á hæð. Sumir steinar hennar eru skófum vaxnir.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda



Varða SP-208:124-08. Á ljósmynd er horft til suðausturs

SP-208:124-09 vegur leið

A. 598897 N. 573522

Vegarslóði 09 sést norðan við vörður 05 og 06 og langleiðina til vesturs að vörðu 07. Slóðinn virðist ruddur. Hann er 5-10 m norðan við vörðurnar en fjarar út til beggja átta. Vegurinn er 3-4 m á breidd þar sem mest er, en er nú gróinn. Líklega tengist þessi vegarslóði gamla póstveginum hann var ekinn um stutt skeið áður en hann féll úr notkun.



Vegur SP-208:124-09. Á ljósmynd er horft til vesturs

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SP-208:149 *Kolatorfa* örnefni kolagröf

A. 598766 N. 573956

Kolatorfa er samkvæmt Sigfúsi Illugasyni, heimildamanni, nafn á allstóru svæði sem m.a. nær inn á deiliskipulagsreit sem tekinn var út í Bjarnarflagi sumarið 2017. Örnefnið er einnig merkt inn á Örnefnasjá Landmælinga Íslands. Torfan er nálægt norðurjaðri deiliskipulagsreits. Það sem enn eimir eftir af gróðri innan deiliskipulagsreits er áberandi gróðurtorfa í blásinni hlíðinni. Torfan er um 950 m norðan við þjóðveg 1, norðaustan við stóra efnisnámu sem nú (2017) er unnið að því að fylla.

Á þeim hluta sem er innan úttektaareits er hlíðin blásin en tveir grónir flákar eru þó eftir henni. Á báðum stöðum vex gras og birki. Svæðið er gróið lyngi, mosa og nú hefur lúpína byrjað að dreifa sér um það.

Flákinn er í talsverðum halla til VNV. Stærsti gróðurflákinn er um 70 x 30 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Um 65 ASA við hann er minni fláki sem er 9-11 m í þvermál. Engar kolagrafir sjást á svæðinu Fleiri Kolaörnefni eru norðar en þau eru langt fyrir utan úttektaarsvæðið. Svæðið fyrir neðan var hraunbreiða en er nú grasi gróið og beint fyrir neðan

torfuna er djúp efnisnáma. Samkvæmt Sigfúsi Illugasyni var reynt að stöðva rofið með því að ýta jarðvegi undir rofið sem er að éta sig undir gróðurtorfuna, líklega um 2007 og hefur það haft jákvæð á torfuna.



Sá hluti Kolatorfu (SP-208:149) sem er innan rannsóknarsvæði afmarkaður með gráum lit. Á ljósmynd er horft til NNV

Heimildir: Örnefnasjá Landmælinga Íslands, <http://ornefnasja.lmi.is/>


Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs/framkvæmda

SP-208:150 gerði óþekkt

A. 598984 N. 573363

Ferhyrnd hleðsla, lítið gerði, er um 225 m norðan við lónið í Bjarnarflagi en um 115 m sunnan við vegarslóða sem liggur af Þjóðvegi 1 og til norðurs (og svo vesturs) um Bjarnarflag að Bjarnarflagsstöð. Gerðið er 10-15 m sunnan við pípulögn sem liggur austur-vestur norðarlega á svæðinu.

Gerðið er á hitasvæði. Jarðvegur umhverfis er rauðleitur og víða rýkur upp úr jörðinni og má sjá holur ofan í jörðina. Gerðið er gróið að innan (í botninn) en umhverfis er sendinn



Hleðsla/gerði SP-208:150. Á ljósmynd er horft til norðvesturs.

jarðvegur og hraun. Kísilreyk leggur yfir svæðið (a.m.k. í austanátt sem var ríkjandi þegar svæðið var skráð).

Gerðið er fremur veigalítið. Það er tæplega 3,5 m á kant og ekkert op er á því. Það er hlaðið úr hraungrýti og víðast eru um tvö umför (raðir) í hleðslunni en sumstaðar ýmist eitt eða þrjú. Gerðið er 2,5 m á kant að innanmáli. Veggir eru 0,2-0,3 m á hæð en 0,6-0,8 á hæð. Gerðið er ekki í halla og of lítið til að geta talist líklegur kál-/kartöflugarður. Ekki er vitað í hvaða tilgangi þessar hleðslur voru settar saman. Þær eru ekki signar, eru líklega frá 20. öld og ekki er fullvíst að þá nái 100 ára aldri.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SP-208:151 yfirlit

Óljós mannvirki, líklega ekki mjög gömul, eru í rauðum hól sem er um 45 m norðan við lónið í Bjarnarflagi en um 10 m norðan við þar sem pípulögnin fast norðan við lónið (austur-vestur) liggur í hlykk. Hóllinn er um 250 m vestan við veg að Bjarnarflagsstöð sem liggur austan við lónið í Bjarnarflagi og til norðurs (og svo vesturs). Það er um 220 m austan við austurbrún malarplans við gömlu Kísiliðjuna.

Háhitasvæði. Mannvirkin eru byggð utan í rauðan hól og jarðvegurinn umhverfis er rauðleitur og gljúpur. Víða rýkur upp úr jörðinni. Kísilreyk leggur yfir svæðið (a.m.k. í austanátt sem var ríkjandi þegar svæðið var skráð). Ekki er vitað í hvaða tilgangi mannvirki á þessum slóðum voru gerð (þótt hleðsla 02 sé líklega girðingarundirstaða) og öll eru þau



Minjastaður SP-208:152_01-02. Umfang hólins er grálitað en hleðslur sýndar með grænum lit og stallur markaður af með grænni línu.

greinilega fremur ung. Þau eru þó látin njóta vafans og tekin með á fornleifaskrá. Svæðið er 27 x 15 m að stærð og snýr norður-suður.

SP-208:151-01

hleðsla

A. 599013 N. 573191

Hleðslan er L-laga og er í svolítilli lægð á milli tveggja hóltoppa. Hún er tæplega 5 x 3 m að stærð og snýr austur-vestur. Hleðslan myndar norðausturhorn. Hún er úr hraungrýti. Í henni sjást 1-2 umför af grjóti og er hún frekar óveruleg. Flatur stallur er fast suðvestan við L-laga hleðsluna. Hann er breiðastur til austurs eða 5-6 m en aðeins 2 m vestar. Stallurinn er 13-14 m á lengd og snýr austur-vestur. Hann er flatur að ofan og 1,5 m hærri en umhverfið. Grjóthrúga er niður frá stallinum til suðurs, vestast. Hleðslan er án efa frá 20. öld og á mörkum þess að geta talist til fornleifa.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SP-208:151-02

hleðsla

A.599012 N. 573205

Fast norðan við hólinn er einnig óveruleg hleðsla, gæti verið undirstaða undir girðingu. Hún er um 8,5 m á lengd og aðeins einföld og tvöföld röð steina. Hleðslan er án efa fremur ung og mörkum þess að geta talist til fornleifa.



L-laga hleðsla (SP-208:151-01) á mynd til vinstri en hleðsla (SP-208_151-02) til hægri. Á ljósmynd til vinstri er horft til suðausturs en til norðurs á mynd til hægri

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda


SP-208:152 gerði óþekkt

A. 598936 N. 573441

Lítil hleðsla af gerði er utan í hæð um 65 m sunnan við gömlu póstleiðina 124 (milli vörðu 04 og 05). Hún er um 75 m VSV við veg að Bjarnarflagsstöð. Ummerkin eru fast suð- og suðvestan við Brauðhró 153.

Hleðslan er byggð utan í eða VSV í rauðum hól. Hún er í jaðri hraunlendis, á jarðhitasvæði.

Hleðslur marka af svæði sem er tæplega 7 m á kant. Hlaðið er norður-, suður- og austurveggur en engar vegghleðslur sjást til vesturs. Talsvert grónara er innan gerðis en utan. Sama gróðurfarið heldur áfram í framhaldi af hleðslunum í um 5,5 m til vesturs og má vera að mannvirkið hafi áður verið stærra þótt ekki sjáist hleðslur á því svæði. Ekki er ólíklegt að þarna hafi verið kálgarður sem þá hefur verið ríflega 12 x 7 m að stærð og snúið ANA-VSV. Vesturhlutinn er í óverulegum halla en austurhlutanum hallar til vesturs. Gerðið er hlaðið úr hraungrýti og eru veggir þess 0,6-0,8 m á breidd en 0,2-0,3 m á hæð. Hleðslur eru frekar umfangslitlar. Ofan í hóltoppinn sem hleðslan er byggð vestan í er niðurgröftur. Hann er um 6 m ANA við gerðið. Niðurgröfturinn er um 6 x 4 m að stærð og 0,5 m á dýpt. Gerðið er að öllum líkindum frá fyrri hluta 20. aldar.




SP-208:152, Hlaðið gerði, horft til suðausturs. Á mynd til hægri er hleðsla merkt með grænu en línan til vesturs frá henni sýnir afmörkun gróðurs sem gæti bent til að gerðið hafi verið stærra en hleðslan. Gráa svæðið austan við er dældin í hólinn sem fjallað er um í texta

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Samkvæmt Snæbirni Péturssyni (f. 1928), heimildamanni voru brauð bökuð í svokölluðu Brauðhrói, allt frá því fyrir hans tíð. Brauðhró var fast vestan við Dumbahnútu og sunnan við gömlu póstleiðina 124 (vörðu 04). Hróið var um 50 m norðan við hitavatnslögn sem liggur austur-vestur um norðanvert Bjarnarflagssvæðið. Samkvæmt Ólöfu Hallgrímsdóttur (og fleiri úr stjórn landeigendafélags Voga) voru brauð bökuð á þessum slóðum fram á allra síðustu ár. Háhitasvæðið er í raun hali austur úr Dumbahnútu. Jarðvegur umhverfis rauðleitur og víða rýkur upp úr jörðinni og má sjá holur.

Víða hefur sjálfsagt verið grafið á svæðinu og líklegt að talsvert af þeim niðurgreftri sé nú ógreinilegur og að holurnar hafi færst til um svæðið og fylgt þeim stöðum þar sem hitastig hentaði best til baksturs. Dældir sjást hins vegar víða um svæðið og á einstaka stað allra syðst á svæðinu eru afgerandi holur þar sem í má sjá grjót. Erfitt er að afmarka svæðið þar sem bakstur hefur átt sér stað en í grófum dráttum má segja að það sé um 50 m í þvermál en mest ummerki (mögulega yngsta svæðið) er um 37 x 15 m stórt svæði (norður-suður) vestast á umræddu svæði.



Gróflega áætluð staðsetning Brauðhrós (SP-208:153) mörkuð með gráu. Svæðið kann þó að hafa náð lengra til austurs og norðurs enda breyttust staðsetninga brauðholanna með tímanum.

Á ljósmynd er horft til SSV

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

6. Helstu niðurstöður

Fornleifaskráning innan rannsóknarsvæðis var unnin um mánaðarmótin maí/júní 2017. Rannsóknarsvæðið var sem fyrr segir 180 ha og var gengið kerfisbundið um það í leit að fornleifum. Mikil rigning var á svæðinu mestallan tímann sem skráð var og austanstrekkingur en það truflaði þó ekki vettvangsúttekt að ráði. Talsverð mannvirki eru þegar innan framkvæmdasvæðis, þó aðallega á rannsóknarsvæðinu norðanverðu. Þar eru borholur, hitaveitulagnir, hús og vegir því tengt. Þar er einnig gamla kísiliðjan og Léttsteypan, Bjarnarflagslón og fleira. Þrátt fyrir þetta reyndist norðurhluti rannsóknarsvæðis einnig sá hluti úttektarsvæðisins þar sem einu minjarnar fundust. Þar voru skráðir sex minjastaðir og innan þeirra 13 minjaeiningar. Flestar tilheyrðu þær gömlu póstleiðinni sem lá þvert yfir rannsóknarsvæðið (sjá SP-208:124_01-06, 09) en sex vörður og hluti af ruddri leið voru skráðar innan þessa númers innan rannsóknarsvæðis (og tvær vörður 07-08 rétt fyrir utan svæðið). Á svæðinu var einnig skráður brauðbakstursstaður (SP-208:149), óræðar hleðslur á þremur stöðum (SP-208:150-152) og örnefnið Kolatorfa (SP-208:153).

Gamla póstleiðin var lögð um 1880 en vörðurnar sem þá voru hlaðnar hafa margar verið endurhlaðnar, til að mynda allar þær vörður sem reyndust innan rannsóknarsvæðis. Flestar hinna minjanna eru án efa fremur nýlegar, eða líklegast frá fyrri hluta 20. aldar. Örnefnið Kolatorfa er hins vegar eldra þótt ekki sé víst að kolagrafir hafi verið innan rannsóknarsvæðisins enda er torfan að stærstum hluta utan þess.

Allar þær minjar sem fjallað er um hér eru taldar í stórhættu vegna mögulegra framkvæmda í framtíðinni. Hér er „framkvæmdir“ notað um allar þær breytingar sem geta orðið á svæðinu vegna framkvæmda s.s. efnistaka, byggingar og borholur. Það er hins vegar rétt að taka fram að þrátt fyrir að minjastaður teljist í hættu er ekki þar með sagt að rask á honum sé óhjákvæmilegt, aðeins að hann sé inni á áhrifasvæði þar sem framkvæmda er að vænta. Í mörgum tilfellum ætti að vera auðvelt, í samvinnu við Minjastofnun Íslands, að tryggja að framkvæmdir skemmi ekki minjar.

Ekki er útilokað að forn og áður óþekkt mannvirki gætu komið í ljós á framkvæmdasvæðinu við framkvæmdir. Mögulegt er t.d. að þau hefðu geta orpist sandi á fyrri öldum og því verið löngu gleymd og týnd. Komi áður óþekktar minjar í ljós við framkvæmdir skal samkvæmt lögum stöðva framkvæmdir og tilkynna um fundinn til

Minjastofnunar Íslands. Rétt er að geta þess í lokinn að þar sem ekki verður hjá raski komist úrskurðar Minjastofnun hvort og með hvaða skilmálum fornleifar megi víkja.

Heimildaskrá

Atlantskort Dana, sérkort fyrir Mývatn 1935/LMI-Kort-2002-155

Birna Lárusdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Hildur Gestsdóttir, Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir. 2000. „Fornleifaskráning í Skútustaðahreppi IV: Fornleifar við norðan- og austanvert Mývatn, milli Grímsstaða og Kálfastrandar auk afréttarlanda“. Fjölrit nr. FS118-96014. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.

Biskupasögur III (Íslensk fornrit XVII, bindi). 1998. Hið íslenska fornritafélag. Reykjavík.

Bjarni F. Einarsson. 2007. *Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðrar lagnar ljósleiðara frá Akureyri að Kröflu í S-Pingeyjarsýslu*. Fjölrit. Fornleifafræðistofan.

Byggðir og bú í Suður-Pingeyjarsýslu. 2006. Ragnar Þorsteinsson o.fl. tóku saman. Búnaðarsamband Pingeyinga.

Tölvupóstur frá Minjastofnun Íslands (frá Kristni Magnússyni) til Landsvirkjunar (Jónu Bjarnadóttur) dagsett 6. mars 2017.

Endurminningar frá Gyðu Thorlacius frá dvöl hennar á Íslandi 1801-1815. 1947. Sigurjón Jónsson þýddi. Ísafold, Reykjavík.

Ferðabók Ebenezer Henderson: Frásagnir af ferðalögum um þvert og endilangt landið og vetrardvöl í Reykjavík 1814-15. 1957. Snæbjörn Jónsson þýddi og gaf út.

Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757 I-II. 1943. Reykjavík.

Ferðabók Sveins Pálssonar. Dagbækur og ritgerðir 1791-1797. 1955. Reykjavík.

Hannes Finnsson. 1783. „Um brennusteins nám og kaupverzlan á Íslandi í tíð Friðriks Annars Dana kónigs.“ *Rit þess íslenzka Lærdómslistafélags*, 4.árg. Blaðsíður 1-48.

Henchel, Ole. „Skýrsla um brennisteinsnámur á Íslandi og hreinsun brennisteinsins.“ Prentað í: Ólafur Olavius. 1965. *Ferðabók II*. Reykjavík. Blaðsíður 259-308.

Inga Sóley Kristjónudóttir. 2008. *Krafla – Námafjall: Fornleifaskráning*. Fornleifavernd ríkisins [núverandi Minjastofnun Íslands]. Fjölrit nr. 2008:12.

Íslandslýsing Odds Einarssonar. 1971. Menningarsjóður.

Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi af búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. 1847. Gefið út af J. Johnsen. Kaupmannahöfn.

Jón E. Vestdal. 1943. „Brennisteinsnám“. *Iðnsaga Íslands* 2. Blaðsíða 59-73. Reykjavík.

Jónas Hallgrímsson. 1934. *Ritgerðir, jarðfræðilegar og landfræðilegar, og fleira. Rit IV*. Reykjavík.

Kristján Sæmundsson. 1991. „Jarðfræði Kröflukerfisins“ kafli í bókinni: *Náttúra Mývatns*. Hið íslenska náttúrufræðifélag. Reykjavík.

Lög um menningarminjar 80/2012.

Orri Vésteinsson. 1999. „Fornleifakönnun: Jarðvarmavirkjun í Bjarnarflagi“. Fornleifastofnun Íslands. Fjölrit nr. FS099-99171. Reykjavík.

Viðbætur við örnefnaskrá: Örnefnaskrá fyrir Reykjahlíð: viðbætur. Pétur Jónsson skráð 1958. Varðveitt á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum – Örnefnasafn.

Þorvaldur Thoroddsen. 1931-1953. *Lýsing Íslands I-III*. 2. útgáfa. Reykjavík.

Örnefnasjá Landmælinga Íslands, <http://ornefnasja.lmi.is/>. Skoðað 1. júní 2017.

Heimildamenn:

Birkir Fanndal Haraldsson, fæddur 9. nóvember 1940.

Ólöf Þórelfur Hallgrímsdóttir, fædd 16. febrúar 1960.

F. Sigfús Illugason fæddur 26. nóvember 1948.

Snæbjörn Pétursson fæddur 31. ágúst 1928.


Sólveig Erla Hinriksdóttir, fædd 10. ágúst 1967.

Þórdís Guðfinna Jónsdóttir, fædd 5. október 1963.

Loftmyndir sem notaðar eru í skýrslu eru Landsvirkjunar og Samsýnar, teknar í ágúst 2014.

Theodór Theodórsson hjá Landsvirkjun vann kort aftast í skýrslunni.

Fornleifar innan rannsóknarsvæðis





Landsvirkjun

Háaleitisbraut 68
103 Reykjavík
landsvirkjun.is

landsvirkjun@lv.is
Sími: 515 90 00

